

21
22. mars

Fjallskilareglugjörð

fyrir

Vestur-Barðastrandarsýslu.

I. KAFLI.

Um stjórn fjallskila, refaveiða o. fl.

1. gr.

Sýslunefnd hefir yfirumsjón fjallskila og refaveiða, er snerta upprekstrarlönd sýslubúa. Hreppsnefndir hafi á hendi alla stjórn og framkvæmdir slíkra mála, hver í sínum hreppi, samkvæmt fyrirmælum þessarar reglugjörðar.

II. KAFLI.

Um eyðing refa og hræfugla.

2. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi, skal skipa fyrir um grenjaleitir bæði í heimalöndum og afrjettum hreppsins, og sjá um að reglulegar grenjaleitir fari fram ár hvert, á tímabilinu frá miðjum maí til júnímánaðarloka, svo oft, og á þann hátt, er henni þykir nauðsynlegast og heppilegast.

3. gr.

Hver sem býr á jörð, sem metin er til dýrleika, sem og þeir, er eiga að minsta kosti 6 kindur fullorðnar, svo og utanhreppsmenn þeir, er nota upprekstrarland í hreppnum fyrir sauðfje, eru skyldir að leggja til grenjaleita svo mikinn mannafla, sem hreppsnefndin ákveður. Við niðurjöfnun á tillögum til grenjaleita skal hreppsnefndin fara eftir fjártölu hlutaðeigandi, sem og landrými.

4. gr.

Hreppsnefndin skal fyrir 1. maí ár hvert, hafa ráðið svo marga skotmenn, sem þurfa þykir til grenjaleita í hreppnum. Um leið og hún fyrirskipar grenjaleitirnar birtir hún og hreppsúum hverjir ráðnir sjeu skotmenn, og á hverju svæði í hreppnum.

5. gr.

Í hvert sinn, sem gren finst, skal tafarlaust tilkynna það skotmanni

þeim, sem hreppsnefndin hefir ráðið, og er skotmaður sá skyldur, að koma á grenið svo fljótt, sem því verður við komið. Hvort grens skuli gætt eða ekki þangað til skotmaður kemur, ákveður hreppsnefnd í samráði við skotmann, en varast skal að láta hunda koma á grenið, sem og alt annað, er fælt getur dýrið á burt. **21** 22. mars

6. gr.

Hverjum þeim, er fyrstur finnur eða getur vísað á gren, þar sem melrakkar hafast við með yrðlingum sínum, greiðist að fundarlaunum 4 kr. úr sveitarsjóði. Hæfilega þóknun greiði og hreppsnefnd fyrir kostnað við að senda eftir skotmanni, og fyrir að gæta að greninu, þangað til skotmaður kemur á það.

7. gr.

Eftir að skotmaður er kominn á gren, annast hann að öllu leyti á sinn kostnað, um gæslu grensins og má hann ekki yfirgefa það án gilda orsaka innan þriggja sólarhringa, nema að hann hafi unnið að minsta kosti bæði fullorðnu dýrin.

8. gr.

Skotmaður kostar flutning sinn á gren og af, en fær í daglaun fyrir hvern sólarhring eftir því, er honum og hreppsnefndinni fyrirfram semur um fyrir grenvinsluna. Vinni hann annað fullorðna dýrið fær hann 6 krónur að verðlaunum, en 15 kr. vinni hann bæði dýrin, og fyrir hvern yrðling, sem drepinn er á greni, greiðist 5 kr. Sama upphæð, 5 krónur, greiðist og fyrir yrðling, sem drepinn er utan grens fyrir 1. október, svo og fyrir tófur, sem ekki hafa legið í fje manna, og drepnar eru utan grens á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.

Ef yrðlingar nást ekki úr greni, skal skotmaður eittra fyrir þá, ef mögulegt er. Hreppsnefnd leggur til eitrið.

Verðlaun, sem og dagkaup skotmanns, greiðist úr sveitarsjóði, enda skal skotmaður færa hreppsnefnd gildar sannanir fyrir því, að hve miklu leyti hann hafi unnið hvert gren. Fyrir að vinna bitvarg utan grens, á hvaða tíma sem er, má hreppsnefnd veita alt að 25 kr. verðlaun úr sveitarsjóði, og fyrir að vinna hrafn, er liggur í fje manna, má hún veita alt að 15 kr. verðlaunum.

Nú þykir hreppsnefnd ástæða til að veita hærri verðlaun í þessu skyni, og skal henni það heimilt, að fengnu samþykki almenns sveitarfundar.

9. gr.

Algjörlega er bannað að ala upp yrðlinga. Drepa skal tafarlaust alla yrðlinga er nást.

21
22. mars

10. gr.

Þeim, sem sjerstaklega skara fram úr öðrum í því, að eyðileggja refi og hræfugla, sem liggja í fje manna, á hverjum tíma árs sem er, má veita heiðurslaun úr hreppssjóði.

11. gr.

Þegar hreppsnefnd lætur bera niður eitrad agn fyrir refi á vetrum, skal sá starfi falinn hinum hæfustu mönnum. Eitruninni ætti helst að haga eftir samkomulagi við aðrar hreppsnefndir, þar sem refir hafa samgöngur milli hreppa. Í þeim hreppum, þar sem eitrad er fyrir refi að vetrinum, er eigi leyfilegt að egna fyrir þá með öðrum niðurburði óeitruðum, nema hreppsnefnd samþykki það.

12. gr.

Allur kostnaður við eitranir fyrir refi greiðist úr sveitarsjóði.

III. KAFLI.

Um sauðfjármörk.

13. gr.

Sjerhver fjáreigandi skal skyldur að hafa glögt mark á fje sínu, en aðfengið fje skal því aðeins markað upp, að ekkert aukabæn verði eftir, heldur skal semja við fyrri eiganda, að fá að hafa hans mark á kindinni, en aðeins brennimerkja hana á horni, með sínu brennimarki.

Enginn má hafa afeyrt sem fjármark.

14. gr.

Markaskrá fyrir sýslufjelagið skal prenta að minsta kosti 6. hvert ár, og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um, að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum, og raða þeim eftir stafrófsröð í greinilega skrá. Skal í því skyni sjerhverjum fjáreiganda skylt að skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd skriflega frá eyrna- og brennimarki sínu. Því næst skal sjerhver hreppsnefnd senda markaskrá hreppsins til manns þess, er sýslunefndin hefir falið að semja aðalskrá yfir öll mörk í sýslufjelinu.

15. gr.

Sjerhver markeigandi greiði hlutaðeigandi hreppsnefnd, um leið og hann birtir henni mark sitt til skrásetningar, eftir því sem sýslunefnd í hvert

sinn ákveður, fyrir hvert eyrnamark, og jafnmikið fyrir hvert brennimark og rennur það í sýslusjóð, er svo kosti að fullu prentun markaskrárinnar. **21**
22. mars

16. gr.

Hver sem tekur upp nýtt mark, eða flytur inn í sýslufjelagið, og á því eigi mark í hinni gildandi markaskrá sýslunnar, skal að vori tilkynna það brjeflega öllum hreppstjórum sýslufjelagsins, en þeir annist um, að markið verði innfært á eyðublöð, í þeim markaskrá, er hreppstjóri og hreppsnefnd hafa undir höndum, svo og í markaskrá á rjettastöðum.

17. gr.

Enginn má marka kind í lögrjettum.

IV. KAFLI.

Um geldfjárrekstur á fjall-lönd.

18. gr.

Allir fjáreigendur skulu skyldir að reka á fjall að vorinu alt geldfje sitt, á eigið land, ef til er, annars þar sem upprekstrarland er aflögu.

19. gr.

Hreppsnefnd kveður á um, hverjar jarðir í hreppnum hafi upprekstrarland aflögu, og hvað mörgu fje það nægi.

20. gr.

Hreppsþúar ganga fyrir utansveitarmönnum um afnot upprekstrarlands í hreppi sínum.

21. gr.

Enginn má kefla lömb.

22. gr.

Í upprekstrartoll greiðist 25 aurar fyrir hverja veturgamla kind eða eldri, og 15 aurar fyrir hvert lamb, alls þess fjár, er á fjall ber að reka, og skal tollurinn greiddur hlutaeigandi ábúanda eða landeiganda innan loka októbermánaðar.

21
22. mars

V. KAFLI.

Um fjárrsmalanir á vorum.

23. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar eða afnota, svo og þeir, er eiga 6 kindur fullorðnar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum, eftir því sem hreppsnefnd ákveður.

24. gr.

Hreppsnefnd skal heimilt að skipa fyrir um smölun sauðfjár til rúnings á vorum, bæði í heimalöndum og á afrjettum. Gangnaskyldir í afrjettum eru allir þeir, sem þar nota upprekstur. Hið sama gildir um smölum til fráferna.

25. gr.

Nú finst fje, er sloppið hefir úr landi eiganda eða kemur fyrir fjarri eigendum þegar rúningstími yfirstendur eða er afstaðinn, hvort heldur eru geldar kindur eða lambær; er þá finnandi skyldur til, ef honum er unt, að hirða og rýja kindur þessar, og einnig að marka ómörkuð lömb, ef hann álítur ekki geti ruglingi valdið. Skal hann gjöra eiganda full skil á ullinni og greina frá marki, og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann hefir rúíð, eða markað. Í ómakslaun ber finnanda 30 aurar fyrir að rýja kind, og 20 aurar fyrir að marka lamb.

VI. KAFLI.

Um fjallskil á haustum.

26. gr.

Prennar skulu vera fjalleitir á hausti, í öllum hreppum sýslufjelagsins. Fyrsti leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars, og skal samdægurs rjettað í öllum þeim lögrjettum, þar sem því verður við komið.

Í skilarjettum þeim, sem nú eru skipaðar, skal rjetta eins og hjer segir:

Í Brjánslækjarrjett miðvikudaginn næsta eftir göngur.

Í Saurbæjarrjett mánudaginn samdægurs.

Í Eyrarrjett mánudaginn samdægurs.

Í Norður-Botnsrjett þriðjudaginn næsta eftir göngur.

Í Hólsrjett þriðjudaginn og

Í Dufansdalsrjett mánudaginn samdægurs.

Annar leitardagur skal vera mánudaginn næsta á eftir fyrsta leitardag, og skal þá rjettað samdægurs í öllum rjettum, nema Brjánslækjarrjett, þar skal rjettað á þriðjudaginn. Þriðji og síðasti leitardagur, skal vera miðvikudaginn í 25 viku sumars, og skal þá rjetta samdægurs, ef því verður við komið. 21
22. mars

27. gr.

Hver sem býr á jörð, sem metinn er til dýrleika, svo og hver sá, sem á að minsta kosti 6 kindur fullorðnar, og hver utanhreppsmaður sem notar upprekstrarland í hreppnum fyrir sauðfje, skal skyldur að gjöra fjallskil og sækja fje í rjettir utanhrepps, sem innan, eftir því sem hreppsnefndin í hvert skifti nákvæmar skipar fyrir um í fjallskilaseðlinum. Umráðamenn upprekstrarlands tilkynni hreppsnefndinni tölu upprekstrarfjár, og eigendur þess, svo að hún geti jafnað niður fjallskilum í hverri rjettarsókn tiltölulega á utanhreppsmenn sem hreppsþúa.

Niðurfjöfnun þessari skal hreppsnefnd hafa lokið hálfum mánuði fyrir fyrstu leitir. Þykist einhver verða hart úti í ráðstöfunum hreppsnefndar, getur hann borið sig upp fyrir henni, og fært ástæður fyrir málstað sínum, ekki síðar en 4 dögum fyrir fyrsta leitardag, og skal þá hreppsnefnd þegar skylt, að taka umkvartanir hans til athugunar, og leggja fullnaðarúrskurð á málið. Skylt skal húsbónda hverjum, að annast fjallskil fyrir heimilisfólk sitt, gegn endurgjaldi frá því.

28. gr.

Enginn er undanskilinn almennri fjallskilaskyldu, þótt hann hafi slept geldfje sínu og fráfarulömbum í heimalönd en ekki í afrjett.

29. gr.

Ef einhver hefir ekki sjálfur nægilegan mannsafla til fjallskila, samkvæmt fyrirmælum hreppsnefndar, skal honum skylt að gjöra henni aðvart um það, með 5 daga fyrirvara, og skal henni skylt, ef mögulegt er, að útvega mann á hans kostnað til að inna fjallskilin af hendi.

30. gr.

Nú alheimtir einhver fjáreigandi alt fje sitt í fyrstu leit, og skal hann þrátt fyrir það gjöra fjallskil alla hina ákveðnu fjallskiladaga, eftir því sem hreppsnefnd hefir fyrirskipað.

31. gr.

Hreppsnefndir skulu í fjallskilaseðlinum taka skýrt og greinilega fram, hvernig leitum skuli hagað, skal, þar sem því verður við komið, leit byrjuð á öðrum eða báðum endum leitarsvæðisins.

21

22. mars

32. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd skal í fjallskilaseðlinum kveðja svo marga menn, sem henni þykir nauðsynlegt, til að vera leitarforingja, skulu þeir stýra göngum leitarmanna bæði í heimalöndum og á afrjettum á leitarsvæði því, sem þeim er falið, og skipa þeir svo fyrir, að alt fje annað en kvíaær komi einu sinni til rjettar. Þeir tilkynna hreppsnefnd, ef einhver vanrækir að gera fyrirskipuð fjallskil eða óhlýðnast fyrirskipunum þeirra, eða hefir sent óliðngengan mann í leitirnar. Þeir skulu annast um að alt fari vel og skipulega, er að fjallgöngum lýtur, sjer í lagi hvað meðferð á fjallfje snertir. Óhlýðni við leitarforingja varðar sektum. Sektum varðar og ef leitarforingi vanrækir stöðu sína, eða misbeitir henni. Sömuleiðis skal hreppsnefnd skipa einn eða tvo rjettarstjóra við hverja lögrjett, eftir því sem hún álitur með þurfa, hið sama gildir um stöðu þeirra sem leitarforingjanna. Enginn er skyldur að vera rjettarstjóri nema eitt ár í senn.

VII. KAFLI.

Um rjettahöld og meðferð á óskilafje.

33. gr.

Lögrjettir skulu vera í hverjum hreppi eins og hjer segir :

Í Barðastrandarhreppi á Fossi, Brjánslæk, Haga og Haukabergi.

Ennfremur skal hreppsnefnd Barðastrandarhrepps heimilt, að láta byggja rjett á Hamri og sje hlutaðeigendum því heimill úrdráttur á fje sínu, er kemur í leitirnar fyrri daginn, undir eftirliti þess, eða þeirra manna, er hreppsnefndin til þess kveður. Þetta má þó eigi breyta að neinu fyrirkomulagi því, er verið hefir á fjalleitum í Brjánslækjarrjettarsókn.

Í Rauðasandshreppi í Vestur-Botni, Saurbæ, Breiðuvík og Hnjóti.

Í Patrekshreppi á Geirseyrri.

Í Tálknafjarðarhreppi í Norður-Botni, Kvígindisfelli og Smælingjadal.

Í Dalahreppi í Hólsvík og Neðribæjarvík.

Í Suðurfjarðahreppi í Dufansdal, Trostansfirði, Langabotni og Steinanesi.

Skilarjettir eru eins og segir í 26. gr.

Eftir tillögum meiri hluta fjáreigenda í hreppnum, og með samþykki sýslunefndar, má hreppsnefnd gjöra breytingar á rjettarstöðum og rjettarsóknum.

34. gr.

Valdi bygging lögrjettar, grasnámi eða jarðusla, skal, ef þess verður

krafist, koma fult endurgjald af sveitarsjóði hlutaðeigandi hrepps, eftir mati **21**
óvilhallra manna, sem sýslumaður nefnir til. 22. mars

35. gr.

Heimilt er hreppsnefnd, að veita hlutaðeigandi rjettarbændum alt að kr. 20.00 þóknun af sveitarsjóði hreppsins vegna átroðnings við rjettarhöld.

36. gr.

Hreppsnefndin skal sjá um, að lögrjettir hreppsins sjeu í gildu og fjárheldu standi, og skulu dilkar svo rúmgóðir, að engu þurfi út að hleypa fyrir en fjárdrætti er lokið. Bæði innan- og utanhreppsmenn skulu í þeim lögrjettum, þar sem þeir eiga von á töluverðum fjenaði, skyldir að hlaða upp hæfilega stóra dilka, eftir nákvæmri ákvæðum hlutaðeigandi hreppsnefndar, og getur hún jafnað niður kostnaði við byggingu eða aðgerð lögrjettar, eftir fjáreign þeirra, er þangað eiga rjett að sækja.

37. gr.

Rjettarstjórar, sem hreppsnefndin hefir skipað í fjallskilaseðlunum, skulu ávalt vera staddir við rjettarhöld, til þess að hafa umsjón með, að alt fari vel og skipulega fram, og skulu þeir hlífðarlaust kæra fyrir hreppsnefndinni hvern þann, sem óhlýðnast fyrirskipunum þeirra. Sjer í lagi skulu þeir annast um, að áreiðanlegir menn gæti þess vandlega, áður en út er hleypt úr hverjum dilk, að þar sje engin misdregin kind, og síðan skulu þeir sjá um, að hreppsfje, er heima á utan rjettarsóknarinnar, sje rekið bæ frá bæ á heimili eiganda, skulu allir hreppsbúar, sem gjöra eiga fjallskil skyldir að reka endurgjaldslaus tje manna um hreppinn, frá lögrjett að heimkynni, úr öllum göngum. Sá sem veldur því, að rekstur er tafinn að óþörfu, eða að heimt fje tynist úr rekstri, eða mætir illri meðferð, sæti sektum, nema þyngri hegning liggi við. Hreppsnefnd getur ákveðið, að maður sje sendur úr rjettarsókn í næstu rjett innan hrepps til þess að hafa eftirlit með drætti og rekstri á fje því, sem þar kann að vera úr hlutaðeigandi rjettarsókn, og skal starf þetta teljast með fjallskilum.

38. gr.

Rjettarstjórar skulu annast um að allir ómerkingar sjeu dregnir í einn dilk, jafnóðum og þeir finnast, og skal leitast við, áður en rjettarhaldinu er lokið, að láta lambsmæður helga sjer dilka sína. Ómerkingar, markkalið og mýjetið fje, sem enginn getur helgað sjer, sje selt af hreppstjóra eða umboðsmanni hans við uppboð í rjettinni, nema honum virðist rjettara að fresta söluinni. Andvirði þess rennur í sveitarsjóð. Enginn má marka ómerking marki sínu um eða eftir leitir, nema hann leiði valinkunna menn, sem votta að því, að hann eða þeir sjeu hans eign.

21

22. mars

Úrtíningur úr fyrstu og annari rjett, skal vandlega geymdur til miðvikudags í 23. viku sumars hjá þeim búanda, sem hreppsnefndin ákveður, gegn 12 aura borgun fyrir hverja sauðkind um sólarhringinn. Eigendum fjárins er skylt að greiða geymslulaunin við afhendingu þess. Sannist það, að fjárgeymslumaðurinn hafi haft ótilhlýðilega meðferð á fjenu, hefir hann fyrirgjört tilkalli til geymslulaunanna, og bakað sjer sektir samkvæmt 54. gr. í reglugjörð þessari.

40. gr.

Miðvikudaginn í 23. viku sumars, skal hreppsnefndin, eða umboðsmaður hennar semja nákvæma lýsingu á eyrna- og brennimarki, og öðrum einkennum þeirra kinda, sem eigendur hafa þá eigi leitt sig að, og svo fljótt sem unt er, birta lýsingarseðla þessa í nærliggjandi hreppum og kaupþúnum, en úrtíningsfjeð skal afhent fjárgeymslumanni þeim, er hreppsnefndin hefir kosið. Það úrtíningsfje, sem enginn hefir helgað sjer, skal selt við opinbert uppboð af hreppstjóra sveitarinnar þriðjudaginn í 25 viku sumars.

41. gr.

Nú koma utanhrepps kindur fyrir í einhverjum hreppi, að afstöðnum öðrum göngum, og þekkja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eiganda geymdar í vörslum hreppsnefndarinnar, sem annast um, að eigendum verði við fyrsta tækifæri gjört viðvart um það. Hafi eigendur eigi leitt sig að kindum þessum innan hálfis mánaðar, skal selja þær við opinbert uppboð, sem áður sje auglýst almenningi í hreppnum.

42. gr.

Kindur þær sem koma fyrir, að afstöðnum síðustu göngum, og engin þekkir eigendur að, skulu seldar við opinbert uppboð, sem sje birt á löglegan hátt í hreppnum og nágrannasveitum, með hæfilegum fyrirvara.

43. gr.

Nú hefir veðrátta eða önnur forföll orðið þess valdandi, að leitir hafa mishepnast, svo sýnilegt er, að dómi sveitarstjórnar eða annara manna í hreppnum, að tjón geti af hlotist, skal þá hreppsnefnd skylt að gjöra ráðstafanir til að úr þessu verði bætt, annaðhvort með því að fyrirskipa nýja leit, eða á þann hátt, sem hún telur fullnægjandi.

44. gr.

Eftir að fjalleitir byrja, skal óheimilt að sleppa upp utanhrepps fje. Sama gildir um það fje, sem á heima innan hrepps og vart verður við í fje

manna, nema þar sem svo hagar til, að fje gengur saman. Það fje, sem fyrir kemur og á heima innan hrepps, en á öðrum bæjum, en sem svo hagar til, að fje gengur saman, skal annaðhvort rekið tafarlaust bæ frá bæ, til eiganda, eða honum strax gjört aðvart um það, hvorttveggja honum að kostnaðarlausu. 21
22. mars

45. gr.

Fyrir nóvembermánaðarlok skal hver hreppstjóri senda oddvita sýslunefndar skýrslu um alt vafafje, er selt hefir verið í hreppi hans, og greiði auglýsingagjald eftir reikningi. Oddviti sýslunefndar skal svo sjá um, að skýrsla um vafafjeð sje birt í blaði því, er flytur opinberar auglýsingar.

46. gr.

Fram að 1. október næsta ár eptir geta menn sannað eignarrjett sinn, að andvirði vafafjár, að frádregnum kostnaði. Sanni enginn eignarrjett sinn, rennur andvirðið í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

47. gr.

Nú fer einhver í eftirleit ótilkvaddur af sveitarstjórn, að liðinni síðustu leit, og finnur fje í fjalli eða afrjett, skal hann þá fá í fundarlaun $\frac{1}{10} - \frac{1}{4}$ af verði kindanna, eftir mati sveitarstjórnar þeirrar sveitar, þar sem fjeð finst. Fjeð er að veði fyrir fundarlaununum. Fyrir fje, sem fyrir kemur í smalamensku, eða kemur í fje manna, á hvaða tíma sem er, skal engra fundarlauna vera hægt að krefjast.

VIII. KAFLI.

Ýmisleg ákvæði.

48. gr.

Álíti hreppsnefnd í einhverjum hreppi nauðsyn á, að senda á hausti í næstu sýslur til að leita eftir fje manna, er henni heimilt að kveðja menn til fararinnar. Kostnaðurinn við sendiförina greiðist úr sveitarsjóði, að svo miklu leyti, sem $\frac{1}{4}$ af andvirði hins fundna fjár, eftir mati tveggja óvilhallra manna, hrökkur ekki fyrir kostnaðinum.

49. gr.

Verði einhver þess var, að fje sje í sveltu eða komið í aðrar ófærur, skal honum skylt á hverjum tíma árs sem er, að sjá um, að því sje bjargað, ef unt er, að öðrum kosti gjöra hreppsnefnd aðvart, svo framarlega sem hann ekki

21 getur þegar gjört eiganda aðvart. Nú hrekkur ekki andvirði hins þjargaða
22 mars fyrir kostnaði, skal þá það er til vantar greiðast úr hlutaðeigandi sveitarsjóð. Sama er og ef þjörgun reynist árangurslaus.

50. gr.

Enginn má láta óskeytta hrúta ganga úti á tímabilinu frá 1. nóvember til 30. apríl. Ef vanræksla veldur að skaði verður að, sje eigandi hrútsins skyldur, að svara fullum skaðabótum, ef krafist er.

IX. KAFLI.

Um ótamin hross og naut.

51. gr.

Skyldur er sjerhver, að koma öllum ótömdum hrossum sínum á fjall, ef það er til í hreppnum, svo snemma á vori hverju, sem árferði og önnur atvik leyfa, eftir álitu hreppsnefndar. Er engum heimilt að hafa ótamin hross í heimahögum, frá því þau áttu að rekast í afrjett, og alt fram til rjetta á hausti, nema hreppsnefnd og nágrannar leyfi. Eigandi ábyrgist, að stóðhross gjöri eigi usla eða ágang á annara land. Nú ganga stóðhross í landi annara, og má þá landeigandi taka þau í gæslu, en gjöra skal hann eigendum jafnskjótt aðvart um að útleysa þau móti gæslukaupi, 30 aurum fyrir hvert hross um sólarhringinn, og gjaldi eigandi að auki skaðabætur fyrir landspjöll og annan kostnað, eftir mati tveggja óvilhallra manna. Vitji eigandi eigi hross síns innan viku, eftir að honum hefir verið gjört vottanlega aðvart, má fara með það sem óskilafjænað, og selja það við opinbert uppboð til lúkningar áföllnum kostnaði.

52. gr.

Nema öðruvísi umsemji skal greiða 9 kr. í upprekstrartoll fyrir hvert hross, er gengur í afrjett frá vori til rjetta á hausti, og skal hrosseigandi hafa greitt landeiganda toll þann, innan loka októbermánaðar sama ár.

53. gr.

Skyldur er hver sá, er á graðneyti, að hafa það í svo tryggri geymslu, að eigi hljóti grannar skaða af því. Nú hlýst skaði af graðneyti, og skal þá eigandi bæta hann eftir mati 2ja óvilhallra manna,

X. KAFLI.

21
22. mars*Almenn ákvæði.*

54. gr.

Öll brot gegn reglugjörð þessari, skulu kærð fyrir hlutaðeigandi sýslu manni, og varða þau 5—500 kr. sektum, eftir stærð og eðli brotanna, nema því aðeins, að þyngri hegning liggji við lögum samkvæmt. Sektirnar renna hálfu til uppljóstrarmanns, og að hálfu í sjóð þess hrepps, þar sem þau eru framið. Verði ágreiningur um í hvaða hreppi brotið er framið, skulu þau falla til þess eða þeirra hreppa, þar sem hinir seku eiga heimili að tiltölu. Með mál útaf brotunum skal farið sem almenn lögreglumál.

55. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi eldri reglugjörð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu, sem og önnur ákvæði, er koma í bág við reglugjörðina.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, og lögum nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. maí 1922.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. mars 1922.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Önnu Catrine Schiöth“, gefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 22. mars 1922. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá22
22. mars

fyrir

„Minningarsjóð Önnu Catrine Schiöth“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Önnu Catrine Schiöth“. Er hann stofnaður til minningar um konu mína, er andaðist 27. apríl síðastliðinn, og